

Alþingi
Erindi nr. P/2138
komudagur 11.5.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

10. maí 2010.

Efni: Umsögn og athugasemdir vegna lagafrumvarps, mál nr. 510, þingskjal 897 um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., lögum um nauðungarsölu, lögum um lögmenn og innheimtulögum, með síðari breytingum.

Undirritaður vill hafa uppi eftirfarandi umsögn og athugasemdir vegna tilvísaðs lagafrumvarps, en óskað var eftir umsögn og gefin framhaldsfrestur til skila til dagsins í dag.

1. Breytingar á lögum um gjaldþrotaskipti.

Undirritaður vill benda á að skiptastjóri hefur þá skyldu að rækja starf sitt í þágu og til hagsbóta fyrir búið og skal við ráðstöfun eigna hafa gott samráð við kröfuhafa, sér í lagi veðhafa. Þegar staðreynt er að eignir eru yfirveðsettar eru oftast haldnir veðhafafundir þar sem kannaðir eru möguleikar til yfirtöku ófullnægðra veðhafa á eignum án beinnar sölu. Hér er um að ræða heimildarákvæði fyrir skiptastjóra og því í raun erfitt að sjá að hann geti veitt slíka heimild ef að veðhafar og/eða aðrir kröfuhafar eru því mótfallnir þar sem þeir teldu það ekki þjóna hagsmunum búsins. Því telur undirritaður ekki rétt að taka út fyrirvarann um samþykki veðhafa eignarinnar.

Aðeins er í ákvæðinu gert ráð fyrir því að hægt sé að óska tryggingar fyrir skemmdum á húsnæði en ekki tryggingu fyrir leigugreiðslum. Þar sem um er að ræða gjaldþrota einstakling hlýtur að vera eðlilegt að ef heimild skiptastjóra er veitt að trygging komi til vegna greiðslanna líka.

2. Breytingar á lögum um lögmenn.

a. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að veita dómsmálaráðherra heimild til að setja reglugerð um innheimtukostnað lögmanna að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands (LMFÍ).

Áður fyrr gaf LMFÍ út gjaldskrá til viðmiðunar fyrir lögmenn í innheimtum og hún var bönnuð fyrir þó nokkrum árum m.a af samkeppniseftirliti og það kerfi afmunið. Rökin þar voru m.a. þau að þetta væri brot á samkeppnismöguleikum -og reglum að samræma með þessum hætti verðskrá aðila sem væri í harðri samkeppni um viðskiptavinum. Með þessu væri verið að drepa niður alla samkeppni um verðmyndun.

Þeir aðilar sem hafa stundað löginneimtupjónustu hafa verið með sínar gjaldskrár opinberar lengi og er ljóst að þó þær séu allar keimlíkar þá hefur þetta frjálstræði skapað möguleika til samkeppni um kúnna. Á það verður að benda að dómstólar hafa haft og munu hafa áfram endurskoðunarvald á því hvort óhóflega sé verið að leggja á við þessa þjónustu þar sem dómstólar ákveða þann kostnað sem til fellur. Síðan er það hvers innheimtuaðila fyrir sig að gera upp við sinn kröfuhafa hvort sá kostnaður sé nægur vegna þjónustunnar, þ.e. sá sem er fenginn frá skuldara með atbeina dómstóla, eða hvort til komi að innheimta þurfi meira.

Um áratugabil hefur það tíðkast á Íslandi að þeir sem greiða ekki á gjalddaga þurfa auk dráttarvaxta að greiða kröfuhafa kostnað hans af því að innheimta þurfi kröfuna og halda honum þ.e. kröfuhafanum skaðlausum frá vanskilum hans. Kemur hér til þjónusta milliinnheimtufyrirtækja, löginneimtufyrirtækja, greiðsla til ríkissjóðs vegna stimpilgjalda, beiðnagjalda osfrv. Virðist vera með þessu frumvarpi að tilgangur sé að veita ráðuneytinu heimild til að færa þennan kostnað á kröfuhafana sjálfa og þannig að velt kostnaðinum einnig á þá sem greiða á gjalddaga og eru ekki í vanskilum. Þetta hefur tíðkast víða erlendis en hefur valdið því að kröfuhafi þarf að greiða 10-20% af heildarkröfunni í innheimtukostnað sem að sjálfsögðu veltist inn í verðlagið til almenns neytanda. Þetta er vægast sagt röng stefna og fráleitt í þágu almennings og fjöldinn sem heldur sínum málum á hreinu og er í skilum þurfi að gjalda fyrir vanskil fárra og borga fyrir slíkt með sínum fjármunum.

b. Í frumvarpinu er vikið nánari skilgreiningu löginneimtu og þá sér í lagi upphaf hennar og skil við frum –og milliinnheimtu. Er í frumvarpinu sérstaklega kveðið á um að „tilkynningum sem samrýmast góðum lögmansháttum“ falli undir löginneimtu. Hér hlýtur að vera m.a. átt við tilkynningu lögmans til greiðanda um að honum hafi borist beiðni um löginneimtu og krafist sé greiðslu innan tiltekins tíma ella verði málið vísað til dómstóla eða sýslumanns að undangenginni greiðsluáskorun eftir eðli kröfu. Þessi afmörkun er eðlilegt og jákvæð en rétt þykir undirrituðum að tekin verði af öll tvímæli um þetta.

c. Í frumvarpi er verið að leggja til bann við að kostnaður miðist við gjaldfellda skuld heldur aðeins við þann hluta sem þegar var fallinn í vanskil á hverjum tíma. Þetta ákvæði er algerlega fráleitt þótt hugsunin á bak við ákvæðið sé virðingarverð.

Í fyrsta lagi þá er í viðskiptabréfum til langs tíma s.s. skuldabréfum heimild kröfuhafa til gjaldfellingar allrar skuldarinnar komi til vanskila á einni eða fleiri afborgun. Þannig er kröfuhafa heimilt að gjaldfella og óska eftir innheimtu á allri skuldinni í heild sem þá er fallin í gjalddaga öll. Ef kröfuhafi heimilar ekki að koma kröfu í skil og óskar eftir löginneimtu slíkrar skuldar þá er fráleitt að miða ekki kostnaðinn við þá kröfu sem verið er að innheimta.


Í öðru lagi getur verið að til þess komi að gjaldfellda krafan öll fáist greidd að öllu leyti, annað hvort að frumkvæði greiðandans eða að frumkvæði annars í gegnum nauðungarsölu. Í slíkum tilfellum, sér í lagi í síðarnefnda tilfallinu, þarf lögmaðurinn sem er að gæta hagsmuna kröfuhafans að meðhöndla aila kröfuna, ber á henni ábyrgð (það á að vísu við í öllum tilfellum sem er mikilvægt) og þarf að gæta að allri kröfunni og fær hana alla greidda og því óeðlilegt að aðeins sé miðað við hluta hennar við meðhöndlun innheimtukostnaðar.

Í þessu sambandi verður að geta þess að þessi kostnaður getur og mun færast á aðila sem eru í skilum í gegnum kröfuhafana sem munu bera þennan kostnað ef frumvarpið nær fram að ganga með þessum hætti.

Ef vilji er fyrir breytingum á þessu er rétt að áskilja innheimtuaðilum að þessi grein eigi við t.d. fram að nauðungarsölumeðferð en eftir það skuli miða við alla fjárhæð skuldarinnar við útreikning kostnaðar.

Virðingarfyllst,

f.h. Momentum og Gjaldheimtunnar ehf.



Davíð B. Gíslason hdl.